



Alþingi  
Erindi nr. P 128/1741  
komudagur. 31.3.2003

Reynihlíð 27 mars 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Undirrituðum hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 637. mál, heildarlög.


Það er mat undirritaðs að með núgildandi lagaumhverfi á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála séu lög af því tagi sem hér um ræðir óþörf. Því sé brýn nauðsyn á að núgildandi lög númer 36/1974 verð felld úr gildi og um svæðið gildi almenn ákvæði ofangreindra laga. Það stjórnsluomhverfi sem mývetningum hefur verið gert að búa við af hálfu löggjafans undanfarin 29 ár er langt komið með að eyða byggð á svæðinu. Það mismunar atvinnugreinum, sviptir kjörna sveitarsjórn skipulagsvöldum og færir forræði sveitarfélagsins til stofnanna ríkisins sem ekki eru til þess bærar, stjórnslulega, Umhverfisstofnunnar og forvera hennar. Hafi Umhverfisstofnun áhuga á að vernda Mývatn og Laxá að hluta eða öllu leyti kveða náttúruverndarlög nr 44/1999 á um hvernig það skuli gert.

Ekki verður séð í lagatexta laga nr 36/1974 að markmið þeirra hafi verið að eyða byggð á svæðinu, það eru því ólög sem ber að afnema. Sé ekki vilji hjá löggjafanum að sjá að sér og afnema nefnd lög og færa stjórnslu í Skútustaðahreppi til samræmis við það sem gerist hjá öðrum sveitarfélögum í landinu er hægt að setta sig við það frumvarp sem hér liggur fyrir, sem skárri kost er fyrri lög.

Með vinsemd er bent á eftirfarandi atriði í lagatexta frumvarpsins:

- Það land sem vernda á líffræðilega fjölbreytni á er í einkaeign, sbr 1 & 2 grein.
- Atvinnugreinum er mismunað í 3 grein, þegar framkvæmdir sem teljast nauðsynlegar og eðlilegar fyrir hefðbundinn búskap á lögbýlum eru undanþegnar. Á það skal bent að hefðbundinn búskapur er á fallanda fæti á því svæði sem hér um ræðir en ferðaþjónusta, orkuvinnsla og iðnaður meginstoðir atvinnulífsins. Þá felur greinin í sér ákvæði um að sett skuli reglugerð um frekari verndun og takmarkanir á framkvæmdum og umferðarrétti almennings. Verður ekki betur séð en ákvæðið sé beinlínis sett til höfuðs meginstoðum atvinnulífs á svæðinu. Við friðlýsingu skal umferðarréttur almennings tryggður, það er nauðsyn á jafn eftirsóttu svæði og hér um ræðir.
- Væri eitthvað gegn því að náttúruverndarnefnd Skútustaðahrepps færi með umsjón svæðisins skv 5 grein?
- Náttúruverndarnefndin skal hafa heimilisfesti í Skútustaðahreppi og greiða þar sín gjöld. Hún hefur a.m.k 2 fasta starfsmenn búsetta á svæðinu. (7 grein).

Virðingarfyllt

  
Pétur Snæbjörnsson  
Hótelsjóni  
Hótel Reykhlið  
Mývatnssveit.

Hótel Reykhlið

660 Mývatn • Iceland • Sími/Tel.: 464 4170 • Fax: 464 4371  
E-mail: [bookings@reynihlid.is](mailto:bookings@reynihlid.is) • [www.reynihlid.is](http://www.reynihlid.is)